

Fréttabréf

Hörgárbyggðar

9. tbl., 8. árg., 14. júní 2008 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

Sundlaugarframkvæmdir

Sveitarstjórnir Hörgárbyggðar og Arnarneshrepps hafa ákveðið að samið verði við B. Hreiðarsson ehf. um endurbætur á sundlaug, skv. tilboði sem verktakinn hefur gert. Ekki er ákveðið hvenær verkið muni hefjast en gera má ráð fyrir að það verði nú í byrjun júlí.

Umhverfisátakið

Gámarnir fyrir járnadrasl og timbur við Mela og Hlíðarbæ hafa verið notaðir mjög vel og flokkun í þá til fyrirmyndar. Ákveðið hefur verið þeir verði þar nokkru lengur, svo að enn er tækifæri til að losa við járnadrasl og timburúrgang til endurvinnslu.

Tilnefningar til viðurkenningu fyrir snýrtímennsku þurfa að berast til fulltrúa í skipulags- og umhverfisnefnd eða á skrifstofu sveitafélagsins. Frestur til þess er þangað til seinna í sumar, tímasetning á lokafresti verður auglýst síðar.

Fífilbrekkuhátíð

Árleg Fífilbrekkuhátíð verður á Hrauni í dag, laugardaginn 14. júní. Gestum er boðið í gönguferðir undir leiðsögn um fólkvanginn Jónasarvang sem opnaður var í fyrrasumar til minningar um Jónas Hallgrímsson. Göngurnar eru þrjár, sú lengsta upp Kisubrekku um Drangabolla að Hraunsvatni. Sú ganga tekur um fjórar klukkustundir. Göngumenn þurfa að vera vel búinir með nesti og nýja skó. Hinar tvær gönguferðirnar eru um heimalandið, suður í Hraunin og niður að Öxnadalsá. Þær taka um tvo tíma og eru þægilegar ungum sem öldnum. Lagt er upp í gönguferðirnar frá Hrauni kl. 14. Minningarstofur um Jónas verða opnar þennan dag kl. 13-17. Þátttaka í gönguferðum og aðgangur að minningarstofum er ókeypis. Enginn þarf að fara svangur eða þyrstur úr Öxnadal. Ljúffengar veitingar má fá á Halastjörnu Veitingahúsi og Ferðaþjónustunni Engimýri, sem bæði eru opin frá kl. 12 og fram á kvöld.

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 116 12. júní 2008

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sveitarstjóra.

1. Kjör oddvita og varaoddvita

Oddviti var kosinn Helgi Steinsson og varaoddviti var kosinn Árni Arnsteinsson.

2. Fundargerð sameiginlegs fundar sveitarstjórna Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar og fundargerð stjórnar Íþróttamiðstöðvarinnar báðar dags. 9. júní 2008.

Báðar fundargerðin er í einum lið. Í fundargerð sameiginlega fundarins kemur fram að ákveðið er að semja við lægstbjóðanda, B. Hreiðarsson ehf., um endurbætur á sundlaugarmannvirkjunum á þelamörk. Fyrir liggur að endurbæturnar munu verða talsvert kostnaðarsamari en ráð var fyrir gert í fyrstu drögum og í fundargerðinni er gert ráð fyrir að leitað verði til Lánasjóðs sveitarfélaga um viðbótarlán frá því sem áður var búið að veita vilyrði fyrir. Áætluð hlutdeild Hörgárbyggðar í endurbótunum er 84,9 millj. kr.

Fundargerðirnar voru báðar afgreiddar án athugasemda.

Samþykkt var að óska eftir hækkun á því láni, sem áður var búið að fá hjá Lánasjóði sveitarfélaga til framkvæmdanna, upp í kr. 55 millj.

Þar sem áætlaður kostnaður við endurbæturnar er meiri en fjórðungur af áætluðum skatttekjum sveitarfélagsins (útsvar, fasteignaskattar og framlög úr Jöfnunarsjóði) á árinu ber skv. sveitarstjórnarlögum að leggja fram umsögn um kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á verk tímanum og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, ef áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina nemur hærrí fjárhæð en fjórðungi skatttekna. Slík umsögn var lögð fram. Í henni kemur m.a. fram að áætlaðar afborganir og vextir af láni frá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 55 millj. munu verða að meðaltali u.þ.b. kr. 7 millj. á ári í 10 ár, fyrir utan verðtryggingu.

3. Hlíðarbær, endurbætur á anddyri

Lagðar fram nokkrar útfærslur á endurbótum á anddyri Hlíðarbæjar, sem unnar eru af Ragnheiði Sverrisdóttur innanhúsarkitekt.

Ákveðið var að lokahönnun anddyrisins miðist við útfærslu sem er nr. 8.

4. Fundargerð leikskólanefndar, 11. júní 2008

Fundargerðin er í sjö liðum. Í 2. lið hennar er fjallað um hlutfall stjórnunar í starfshlutfalli leikskólastjóra. Sveitarstjórn frestaði að afgreiða 2. lið fundargerðarinnar, þar sem ekki er lokið athugun á því sem hann fjallar um. Sveitarstjóra falið að vinna greinargerð í samvinnu við leikskólastjóra um málið og leggja fyrir næsta sveitarstjórnarfund. Að öðru leyti var fundargerðin afgreidd án athugasemda.

5. Fundargerð heilbrigðisnefndar, 14. maí 2008

Fundargerðin er í sextán liðum. Í 2. lið hennar er gerð grein fyrir ársreikningi Heilbrigðiseftirlitsins. Í 16. lið fundargerðarinnar kemur fram að endurnýjuð hafa verið starfsleyfi fyrir einkavatnsveiturnar á Syðri-Bægisá, Þverá, Barká, Auðbrekku og Stóra-Dunhaga.

Ársreikningurinn og Fundargerðin voru yfirfarin og afgreidd án athugasemda. Framlag Hörgárbyggðar til eftirlitsins var kr. 821.622 á árinu 2007.

6. Samþykkt um hesthús og önnur gripahús í skipulögðum búfjárhverfum

Bréf, dags. 22. maí 2008, frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, um drög að samþykkt um hesthús og önnur gripahús í skipulögðum búfjárhverfum á starfsvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

Samþykktardrögin varða ekki Hörgárbyggð beint þar sem ekki er skipulagt neitt búfjárhverfi og er ekki heldur á skipulagi. Sveitarstjórn telur samt rétt að samþykka framlögð drög fyrir sitt leyti.

7. Hraukbæjarkot, landspilda, boð um kaup

Bréf, dags. 22. maí 2008, frá Hermanni R. Jónssyni, Fasteignasöluhlunni ehf., þar sem Hörgárbyggð er boðið að kaupa 1,5 ha landspildu úr landi Hraukbæjarkots, við Þjóðveg 1.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

8. Þór hf., lóðarmál

Lagt fram minnisblað um stöðu lóðarmála Þórs ehf., Lónsbakka. Málið var síðast á dagskrá sveitarstjórnar 21. mars 2007 (1. mál). Þór hf. hefur nú keypt allt húsið á Lónsbakka og hefur í hyggju að hafa þar framtíðar athafnasvæði sitt. Þór hf. óskar eftir að lækur sem liggur um norðurhluta lóðarinnar verði færður út fyrir lóðarmörk, sbr. fund um lóðamál 23. apríl 2002.

Ákveðið var að færa lækinn út á lóðarmörk.

9. Úrgangur fyrirtækja, fyrirkomulag gjaldtöku

Fram kom að Flokkun ehf. er reiðubúið að taka að sér alla umsýslu á gjaldtöku fyrir förgun úrgangs frá fyrirtækjum í sveitarfélaginu.

Akureyrarbær hefur samið við félagið um málið og gert er ráð fyrir að fleiri aðildarsveitarfélög þess geri það einnig.

Sveitarstjórn ákvað að semja við Flokkun ehf. um slíka þjónustu vegna Hörgárbyggðar.

10. Flokkun ehf., hlutafjáraukning

Bréf, ódags., frá Flokkun ehf. um samþykkt aðalfundar félagsins um aukningu á hlutafé þess, vegna hlutafjáraukningar í Moltu ehf. Eignarhlutur Hörgárbyggðar er 1,86% og koma því 558.491 í hlut sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkti hlutafjáraukninguna.

11. Rekstur byggingarfulltrúaembættis

Lagt fram minnisblað frá fundi um breytingar á stjórnarsýslu byggingarnefndar og embætti byggingarfulltrúa, sem haldinn var 6. maí 2008, og afrit af samstarfssamningi um málið sem undirritaður var á fundinum. Sveitarstjórn Hörgárbyggðar samþykkti samninginn fyrir sitt leyti 20. febrúar 2008 (8. mál).

Lagt fram til kynningar.

12. Mið-Samtún, afmörkun lóðar

Lögð fram afstöðumynd, dags. 2. júní 2008, þar sem sýnd er fyrirhuguð afmörkun lóðar fyrir íbúðarhús í Mið-Samtúni. Óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir afmörkuninni.

Sveitarstjórn samþykkti framkomið erindi fyrir sitt leyti.

13. Lónsbakki, hraðahindranir og umferðarréttur

Bréf, ódags., frá Önnu Dóru Gunnarsdóttur um hraðahindranir á Lónsvegi og umferðarrétt gagnvart veginum. Hraðahindranir á Lónsbakka hafa áður verið ræddar á fundum í sveitarstjórn, ásamt umferð stórra flutningatækja sem eiga erindi innst í Skógarhlíðina.

Samþykkt var að umferð á Lónsvegi hefði forgang á umferð frá Skógarhlíð og Birkihlíð og að rætt verði við Vegagerðina um að setja upp hraðahindranir. Einnig að hámarkshraðinn verði 30 km í Skógarhlíð og Birkihlíð en á Lónsvegi 50 km.

14. Myndatilboð fyrir sveitarfélagið

Bréf, dags. 25. maí 2008, frá Helgu Kvam og Völundi Jónssyni, þar sem sveitarfélaginu er gert tilboð í myndatökur fyrir sveitarfélagið.

Ákveðið var að kaupa 75 myndir á kr. 100.000 skv. tilboðinu, en myndirnar eiga að geta nýst til frjálsra afnota í allt útgefið myndefni til framtíðar fyrir sveitarfélagið.

15. Hjartaheill, styrkbeiðni

Bréf, dags. 28. maí 2008, frá Hjartaheill, þar sem óskað er eftir stuðningi við kaup á hjartaþræðingartæki fyrir Landspítala-háskólasjúkrahús.

Samþykkt að veita kr. 25.000 til verkefnisins.

16. Fundargerð veganefndar, 7. maí 2008

Fundargerðin er í fimm liðum. Þar kemur fram að á árinu 2007 var sett styrking að Hraukbæjarkoti og var kostnaður kr. 534.000. Á árinu 2008 er fyrirhugað að fara í nýbygging/endurbætur á Blómsturvalla og Fornhagavegi og er framlag til vega í Hörgárbyggð áætlað kr. 1.668.000 á árinu 2008. Lagt fram til kynningar.

17. Fundargerðir héraðsnefndar, 13. og 28. maí 2008

Fyrri fundargerðin er í fimm liðum og sú síðari í tveimur liðum. Lagðar fram til kynningar.

Áætlað er að næsti fundur sveitarstjórnar verði 20. ágúst
Dagskrá hans mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis þann
18. ágúst

Fróðleiksmoli af heimasíðu Staðardagskrár 21

(www.samband.is/Dagskra21)

Orkuveita Kyrrahafsstrandar Kaliforníu ætlar að verja milljörðum dollara á næstu árum til að búa raforkukerfið undir að taka við miklum fjölda tengiltvinnbíla í hleðslu. Að mati fyrirtækisins mun það taka 10-20 ár að byggja upp fullkomið gagnvirkt kerfi („smart-grid“), sem auðveldar fólki að hlaða bílana á þeim tíma sólarhringsins sem orkuverð er lægst og opnar jafnframt fyrir möguleika á að selja orkuna til baka inn á netið þegar það hentar.

(Þessi moli er úr "Orðum dagsins" á heimasíðunni 13. júní 2008)